



**Fundargerð 81. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn þriðjudaginn 26. nóvember 2024, kl. 09:00 á teams.**

Mætt eru: Fannar Jónasson, Árni Sigfússon, Valgerður B. Pálsdóttir, Friðrik Valdimar Árnason, Arnbjörn Ólafsson, Magnús Stefánsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Púríður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Að lokinni ráðstefnu EGN á Reykjanesi – umræður

Farið var yfir framkvæmd og árangur ráðstefnu EGN á Reykjanesi. Almenn ánægja var með ráðstefnuna og mjög jákvæð endurgjöf frá þátttakendum og samstarfsaðilum. Kostnaðaráætlun verkefnisins stóðst og engin halli var á verkefninu.

2. Alþjóðaverkefni Reykjanes jarðvangs – yfirlit

Kynnt var yfirlit yfir innlend og erlend fræðsluverkefni sem Reykjanes jarðvangur tekur þátt í og falla undir þjónustusamning SSS/RGP/Geocamp Iceland. Þá var fjallað um hvernig þjónustusamningurinn hefur skilað tilætluðum árangri og einnig var umræða um næstu skref í fræðslu og kynningarmálum Reykjanes jarðvangs.

3. Stefnumótun Reykjanes jarðvangs – fræðslu- og kynningarmál

Farið var yfir stöðu fræðslu- og kynningarverkefna og þau verkefni sem eru áfram í vinnslu.

4. Útgáfa bókarinnar Reykjanes II

Stjórn var upplýst um stöðu útgáfu bókarinnar Reykjanes II. Bókin er komin í sölu og viðbrögðin hafa verið góð

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:00